

Skólaráðsfundur 17.janúar 2023

Mættir eru: Lís Greipsson, Petra Eiríksdóttir, Dóra Linda Pálmarsdóttir, Hildur Snorradóttir, Sara María Ingólfssdóttir, Steinunn Þorkelsdóttir, Ásdís Valsdóttir og Erla Björnsdóttir.

Fundarritari: Petra Eiríksdóttir

Fundur hefst kl. 16:30

1. Niðurstöður lesfimi í september

Farið var yfir niðurstöður og Lágafellsskóli stóð sig vel að vanda.

2. Fjárhagsáætlun 2023 – kynning

Farið var yfir fjárhagsáætlun ársins. Áætlunin var hófleg, covid hafði neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga og reynt að taka tillit til þess í áætlanagerð. Lágafellsskóli þó í góðum málum og stendur vel.

3. Skóladagatal

Farið var yfir skóladagatal næst árs og rætt hvort ástæða væri til að gera breytingar eða fara í nýja nálgun s.s. fjölgun vetrarfrisdaga, láta þá liggja alla saman til að ná lengra fríi t.d. í febrúar o.fl. í þessum dúr.

Dagatalið er svo lagt fyrir kennarahópin, svo er reynt að samræma eins og hægt er t.d. starfsdaga fyrir leik- og grunnskóla bæjarins. Fræðsluviðið leggur drög að samræmingu og í lokin eru dagatölin samþykkt í skólunum, kynnt í fræðslunefnd og þá sett á heimasíður skólanna.

4. Foreldraviðtöl

Nýbreytni í Lágafellsskóla að vera með nemendastýrð foreldraviðtöl. Haldið var námskeið fyrir kennara varðandi nemendastýrð foreldraviðtöl og ákveðið að prófa þau. Á fundi skólaráðs voru kynntar hugmyndir að slíkum viðtölum og hvað liggur til grundvallar og af hverju þessi nálgun er góð. Mikið er lagt upp úr ábyrgð nemenda á eigin námi, að þeir segi frá því sem vel gengur, að þeir segi frá einhverju sem þeir vilja bæta hjá sér og með hvaða hætti þeir ætla að nálgast það verkefni.

Önnur mál:

Frá foreldrafélaginu komu ábendingar um það sem hefur ratað til þeirra varðandi Frístund, bæði það sem gengur vel og það sem má bæta.

Fundi slitið 17:40